

Fylgiskjal 1 við eigendasamkomulag um gas- og jarðgerðarstöð

Skilgreining á staðsetningu gas- og jarðgerðarstöðvar innan Álfsnes



Fylgiskjal 2 við eigendasamkomulag um gas- og jarðgerðarstöð

Áætlun um lokun Álfsnes og opnun á nýjum urðunarstað

Í samráði við ráðgjafa er hér tímaáætlun (bjartsýni, „normal“ og svartsýni), byggt á reynslu:

	Bjartsýni	Normal	Svartsýni
	Mánuðir		
Mat á umhverfisáhrifum			
Matsáætlun	3	5	6
Rannsóknir/gagnaöflun	3	5	6
Matsferli	12	16	20
SAMTALS	18	26	32
Hönnun, útboð, bygging			
Skipulag, auglýsing, kærur, hönnun, jarðvinna, bygging	13	18	28
SAMTALS	13	18	28
HEILDARTÍMI Í MÁNUÐUM	31	44	60
HEILDARTÍMI Í ÁRUM	2,6	3,7	5,0

Ofangreind áætlun gerir ráð fyrir að landið sé komið í umsjá SORPU þ.e.a.s. að **hér er ekki reiknaður** inn tími sem tekur að tryggja landið til þessara nota. Hér vantar einnig inn að ef rannsóknir á fuglalífi eru hluti matsáætlunar þá þarf að gera slíkar rannsóknir á árstíma farfugla, annars tefst rannsóknarvinna/gagnaöflun sjálfkrafa um ár.

Fylgiskjal 3 við eigendasamkomulag um gas- og jarðgerðarstöða

Verkætlun við breytingar og lokun á Gými, móttöku fyrir lyktarsterkan úrgang

Eftirfarandi áætlun um úrbætur við móttöku og meðhöndlun lyktarsterks úrgangs í Gými byggir á grófri áætlun sem ekki hefur verið kostnaðarmetin. Áætlunin gerir ráð fyrir að Gými verði lokað í síðasta lagi endanlega þegar gas- og jarðgerðarstöðin tekur til starfa enda falli sú tímasetning saman við að Gýmir fyllist. Líklega má stytta tímann fram að lokun að einhverju marki ef hægt verður að byggja fyrst móttöku- og meðhöndlun fyrir lyktarsterkan úrgang sem hentar til gasgerðar þ.e.a.s. að móttaka fyrir slíkt verði tilbúin áður en meginhluti gasgerðarstöðvarinnar sem tekur heimilisúrgang tekur til starfa. Aðrar leiðir verða einnig skoðaðar eins og að nýta brennslu í auknum mæli. Á þessu stigi er hins vegar ekki hægt að áætla hve sú stytting gæti orðið eða yfir höfuð hvort hún er tæknilega möguleg.

Tæknilegar breytingar á Gými næstu 4 – 6 mánuði:

Móttakan við Gými verði lokað af þannig að engin losun fari fram undir berum himni

Gýmir verður þéttur eins og kostur er og komið upp öflugra afloftunarkerfi með þvotti/efnameðhöndlun og/eða kolasíu

Ofangreint gerir ráð fyrir að hægt sé að koma þessu við í bráðabirgðaskjóli sem ekki þarfnast sérstakra leyfisveitinga og þetta sé búnaður sem hægt verði að nýta að einhverju leyti í nýrri gas- og jarðgerðarstöð þegar þar að kemur og að þetta sé kostnaðarlega mögulegt.

Frá og með 1. janúar 2014 verður lokað fyrir móttöku á seyru og henni beint í skólþdælustöðvar sveitarfélaganna (10% úrgangs í Gými sem hverfur).

Frá og með 1. mars 2014 verði ekki lengur tekið við óþvegnu skólþhrati frá skólþhreinsistöðvum sveitarfélaganna (á fund með rekstraraðilum þessara stöðva á föstudag og get þá vonandi staðfest hvort að þeir geti verið komnir með slíkan búnað fyrir þennan tíma). Skólþhrat er um 15% af þeim úrgangi sem fer í Gými

Frá og með 1. október 2014 verði sláturúrgangur og fiskúrgangur forunnin (hökkun, síun, skiljun, þrýstisúða) áður en hann fer í Gými. Sláturúrgangur er um 40% af því sem fer í Gými en er á mjög misjöfnu formi og því getur ein lausn ekki gengið fyrir allt. Með skiljun á vatni má minnka umfangið um c.a. 50%.

Frá og með 1. september 2015 verði lýsishrat endurunnið (er um 20% af því sem fer í Gými). Nú þegar er í gangi samvinnuverkefni Lýsis og SORPU þar sem flutningsmáti, losun og meðhöndlun er til gagn Gerrar skoðunar.

Frá og með 1. júní 2016 verði allur úrgangur sem fór í Gými kominn í gas- og jarðgerðarstöð enda verði sú stöð tilbúin á þeim tíma eða leyst með öðrum hætt á öðrum stað.

Jafnframt ofangreindu verði leitað leiða að heppilegri meðhöndlunar og flutningsleiðum með framleiðndum sláturúrgangs til dæmis með brennslu í Kólku, eftir þörfum.